



Fuglamerkingar 2015

Árið 2015 var 95. ár fuglamerkinga á Íslandi og það 84. í umsjón Íslendinga. Fjörutíu og níu merkingamenn skiluðu skýrslum um merkingu á alls 12.568 fuglum af 77 tegundum. Fjöldi merktra er aðeins undir meðaltali síðustu 10 ára og langt frá metfjölda síðasta árs. Mest var merkt af skógarþresti, 1683 fuglar, en næstmest af kríum 1453. Búið er að afgreiða 2365 endurheimtur íslenskra merkja sem tilkynnt var um á árinu (þar af 154 erlendis), auk 71 endurheimtu erlendra merkja. Átak var gert á árinu í að afgreiða þúsundir tilkynninga sem borist hafa frá merkingamönnum undanfarin ár um endurveidda fugla sem ekki hefur unnist tími til að vinna úr t.d. voru um 2000 slíkir álestrar frá árinu 2014. Nú þegar bíða 1138 tilkynningar frá merkingamönnum um endurveidda fugla 2015 tilbúnar til innflutnings í gagnagrunn. Átak í skráningu og vinnslu athugana á litmerktum fuglum hefur líka borið góðan árangur og nú eru allar nýjar tilkynningar um athuganir á litmerktum sílamáfum afgreiddar nánast samdægurs.

Starfslið

Fuglamerkingaráð: Guðmundur A. Guðmundsson (formaður), Kristinn H. Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen, Svenja N.V. Auhage, Anna Sveinsdóttir, Kjartan Birgisson og Trausti Baldursson.

Dagleg umsýsla: Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage (0,32 og 0,56 ársverk).

Fuglamerkingar

Alls voru 12.568 fuglar merktir árið 2015 af 77 tegundum (samtala 1921-2015, 680.720 nýmerkingar; 1. tafla), þar á meðal var ljóshöfðaönd *Anas americana* merkt í fyrsta sinn (alls 154 tegundir frá upphafi). Óvenju mikið var tilkynnt um endurheimtur og álestra á merki á lifandi fuglum á árinu. Alls voru afgreiddar 2365 tilkynningar um endurfundi íslenskra merkja á árinu og annað eins (2787) af eldri tilkynningum um endurveidda fugla frá fyrri árum sem beðið hafa afgreiðslu (samtala 1921-2015, 55.285 skráðir endurfundir merkja).

Virkir merkingamenn (þ.e. þeir sem merktu einhvern fugl á árinu) voru 49 talsins árið 2015 (2. tafla) sem er tveimur færri en á síðasta ári. Arnþór Garðarsson ákvað að hætta merkingum og skilaði ónotuðum merkjum á árinu. Þrír merkingamenn sem ekki hafa merkt í 14 til 19 ár tóku til hendinni að nýju. Þeir eru Sigurður Ægisson (250), Einar Ó. Þorleifsson (254) og Björn Baldursson (nr. 306). Tveir nýir liðsmenn fuglamerkinga bættust við á árinu. Þeir eru Árni Ásgeirsson í Stykkishólmi (417) og Stuart Cowper frá Englandi (418).

- Þrír afkastamestu aðilar sem stunduðu fuglamerkingar 2015 voru Sverrir Thorstensen með 2661 fugl merktan, Fuglaathugunarstöð Suðausturlands með 2296 fugla og Ingvar A. Sigurðsson með 1201 fugl (2. tafla).
- Mest var merkt af eftirtöldum tegundum árið 2015: 1683 skógarþrestir, 1453 kríur, 1134 lundar, 987 auðnutittlingar og 943 ritur (1. tafla). Vonandi endurspeglar þessi umtalsverði fjöldi lunda (430 fullvaxnir og 704 pysjur) að varpárangur sé loksins að lagast hjá þeim því ekki hafa verið merktir fleiri á einu ári síðan 2002. Hlutfallslega mest var merkt af hjartmáfi, eða 30 af 70 alls frá upphafi (+42,9%) og himbrima 3 af 8 frá upphafi eða 37,5% viðbót á árinu.
- Þær tólf tegundir sem mest hefur verið merkt af frá upphafi eru: 80.570 snjótittlingar, 77.138 lundar, 63.223 skógarþrestir, 53.894 kríur, 35.072 ritur, 31.691 fýll, 21.169 skúmar, 20.168

teistur, 18.802 æðarfuglar, 17.129 langvíur, 17.001 auðnutittlingur og 16.356 þúfutittlingar (1. tafla).

- Ein ný tegund var merkt á árinu, en það var ljóshöfðaönd *Anas americana* sem Gunnar Þór Hallgrímsson handsamaði á Fitjum, Miðnesi, í nóvember.

Endurheimtur

Flestar endurheimtur á fuglum merktum á Íslandi sem tilkynnt var um á árinu voru 1636 auðnutittlingar, 172 álftir, 83 sílamáfar, 75 æðarfuglar og 44 snjótittlingar. Meðal 71 fugls með erlend merki sem endurheimtust hérlendis var mest af álft en 16 fundust á árinu, 9 rauðbrystingar, 8 blesgæsir, 6 jaðrakanar og 5 stelkar. Uppruni erlendu merkjana var eftirfarandi: 56 frá Bretlandseyjum, 10 frá Noregi, 10 frá Hollandi og eitt merki frá hverju eftirtalinna landa: Belgía (heiðlóa), Finnland (eyrugla), Frakkland (skúfönd), Kanada (æðarfugl) og Svíþjóð (glóbrystingur).

Meðal endurheimta árið 2015 voru nokkrar langferðir. Mesti ferðalangur ársins var kría (nr. 776621) merkt sem ófleygur ungi þann 13. júlí 2013 í Óslandi við Höfn í Hornafirði og fannst að fram komin 18. október 2015 á Longbeach, Kommetjie, við Cape Town, S-Afríku, 11.319 km frá merkingastað. Þetta er 25. endurheimta kríu erlendis og sú fimmta í sunnanverðri Afríku. Jafnframt markar endurheimtan 5. lengstu skráðu ferð frá upphafi. Lesið var á nokkra sílamáfa í V-Afríku og voru þrjár þeirra tilkynntir frá Gambíu um 5700 km frá merkingastað á Íslandi, einn frá Míritaníu (4929 km) og sex frá Marokkó (3560-3990 km). Lesið var á stálmerki spóa sem merktur á við Miðtún, Hvolsvelli, Rangárvallasýslu sem ungi 18. júlí 2010 (nr. 585246), í Praia de Faro, Portúgal 16. febrúar 2015, 3087 km frá merkingastað.

Ný íslensk aldursmet. Enn eldast súluungarnir sem Ragnar Jónsson merkti í Eldey 20. ágúst 1982. Einn þeirra (nr. 02282) fannst dauður á Orkneyjum í Skotlandi 31. ágúst 2015, þá rúmlega 33 ára gamall. Fyrra aldursmet var súla merkt í sömu ferð til Eldeyjar og endurheimtist 2014 þá 32 ára og þriggja mánaða. Evrópumetið á ennþá bresk súla sem varð 37 ára og 5 mánaða. Álftin BXN (nr. A1495) sást á árinu og las Sverrir Thorstensen á hana hjá Arndísarstöðum í Bárðardal 4. maí 2015 þá 28 ára og átta mánaða. Enn hefur ekki fengist staðfest hvort þetta er elsta álft í Evrópu, en beðið er eftir nýrri samantekt á hæsta aldri fugla innan Euring. Breskt merkt urtönd (EL64115) sem merkt var sem fullvaxin á 1. ári 13. september 2004 á Mahee eyju við Strangford Lough á Norður Írlandi fannst dauð 5. maí í Reykholti í Bláskógabyggð, þá 10 ára og 11 mánaða. Elsta urtöndin merkt á Íslandi sem vitað er um varð a.m.k. 7 ára og 11 mánaða. Óðinshani (nr. 9A8792) sem Sverrir Thorstensen merkti sem varpflugl í Flatey 14. júní 2004 var endurveiddur á hreiðri á sama stað réttum 10 árum síðar, þá a.m.k. 11 ára gamall. Kristlaug Pálsdóttir í Engidal, Bárðardal endurveiddi snjótittling (9A13875) sem Sverrir Thorstensen merkti sem fullvaxinn á 2. almanaksári 12. janúar 2004 á Akureyri. Fuglinn var því 9 ára og 10 mánaða og jafnar fyrra aldursmet snjótittlings nr. 946781 sem Þorlákur Sigurbjörnsson í Langhúsum merkti árið 1994 og fannst dauður á Akureyri 2003.

Af öðrum óvenjulegum endurheimtum á árinu má nefna fyrstu íslensku endurheimtuna í Sviss, fyrstu íslensku stormmáfana í Svíþjóð og Þýskalandi, eyruglu frá Finnlandi, glóbrysting frá Svíþjóð og æðarfugl frá Kanada. Ný merkingastöð bættist á samskiptaskrá íslenskra fuglamerkinga á árinu þegar lesið var á litmerki sanderlu (nr. 897098) í Sviss sem merkt hafði verið í Sandgerði 26. maí 2010. Þetta eru fyrstu skráðu tengsl íslenskra fugla við Sviss. Til ársins 2015 höfðu 20 stormmáfar endurheimst erlendis (3 í Færeyjum, 9 í Skotlandi, 5 á Írlandi, 1 í Noregi, 1 í Hollandi og 1 í Kanada) en árið 2015 bættust við tveir og báðir á nýjum slóðum, annar í Svíþjóð (nr. 581606) sem Þorlákur S. Helgason merkti sem unga við Akureyrarflugvöll 3. júlí 2012 og hinn í Þýskalandi (nr. 551111) sem Snorri heitinn Pétursson merkti fyrir 22 árum við Skipalón 6. júlí 1993. Fimmta erlent merкта eyruglan fannst slösuð við Mógilsá og var hún frá Finnlandi. Áður höfðu endurheimst tvær frá Bretlandi og tvær frá Svíþjóð. Fyrsta erlenda endurheimta glóbrystings (CV89566) var fugl á fyrsta ári merktur 4. október 2015 í Danielesten, Bureå, Vesturbotni í Svíþjóð og kom í mistnet í Einarslundi við Höfn eftir a.m.k. 1723 km

ferðalag 36 dögum síðar. Íslenskir æðarfuglar virðast að mestu staðfuglar, en hingað koma fuglar í einhverju mæli frá hánorrænum slóðum til vetursetu. Hér hafa fundist 17 æðarfuglar merktir á A-Grænlandi og átta á Svalbarða. Árið 2015 barst okkur tilkynning um endurheimtu kanadísks merkis (Washington 1347-89582) á æðarfugli sem hafði druknað í fiskineti í mynni Hvalfjarðar í apríl 2013. Sá hafði verið merktur sem fullorðinn bliki á varpstöðvum við East Bay, Southamton Island, Foxe Basin 13. júní 2005.

Gagnavarsla

Merkinga- og endurheimtugögn eru varðveitt í SQL gagnagrunni sem stýrt er með sérhæfðu umsýsluforriti (Flygill) og með fyrirspurnum gegnum Microsoft Access. Merkingaskýrslur 2015 voru nær allar rafrænar og fylgir því mikið hagræði. Skjölín eru tilbúin til innflutnings í gagnagrunninn og léttir það mjög vinnuna. Af gömlum merkingum á aðeins eftir að slá inn í gagnagrunn innan við tvö þúsund merki af stærð 9A og um 13.000 merkingar á vegum Skovgaard. Í árslok 2015 voru 98% allra merkinga og 97% endurheimta komnar í grunninn.

	Áætlaður fjöldi 1921-2015	Færslur 31. des. 2015	Í gagna- grunni
Merkingar	679.000	664.000*	98%
Endurheimtur**	58.000	56.300*	97%

* Þar með taldar merkingar og kontról 2015 á rafrænu formi. ** Inniheldur "kontról" á sama stað.

Vinna við samræmingu kóðunar íslensku merkinga- og endurheimtugagnanna við staðal EURING, sem eru regnhlífarsamtök umsjónaraðila fuglamerkinga í Evrópu, hefur legið niðri vegna tímaskorts. Notaður verður EURING 2000 staðall sem gerir okkur kleift að yfirfæra öll íslensk gögn í sameiginlegan evrópskan gagnagrunn (EDB). Þegar endurkóðun gagna er lokið getum við lagt íslenskar endurheimtur merkja í EDB, en fyrirhugað er að gera endurheimtuatlas úr öllum tiltækum gögnum frá Evrópu innan tíðar. Jafnframt verður auðveldara að taka upp umsýsluforritið RingAccess í stað heimasíðaða forritsins Flygils sem er notað í dag.

Merkingaleiðangrar

Í byrjun júlí leiddi Ólafur Á. Torfason sinn 21. leiðangur í Skrúð síðan 1995. Merktir voru 1040 fuglar: 258 súluungar, 735 langvíur, 27 lundar og 20 ritur. Alls hafa verið merktir 22.942 fuglar í Skrúð síðan 1995. Náttúrustofa Suðurlands stóð fyrir leiðangri út í Elliðaey 9.-10. ágúst til sæsvölumerkinga. Alls tóku 19 manns þátt í förinni, en aðeins var veitt eina nótt vegna veðurs. Merktar voru 298 sjösvölur og 46 stormsvölur. Þorkell Lindberg og félagar af Náttúrustofu Norðausturlands fóru í sjófuglabýggðir víða á Norðurlandi og merktu 122 svartfugla, 27 fýla og 30 ritur með dægurrítum. Meira en helmingur fuglanna voru endurheimtir frá fyrri árum og fengu ný tæki. Það er því von á miklum upplýsingum um ferðir þeirra á næstu misserum. Erpur Snær Hansen og félagar frá Náttúrustofu Suðurlands merktu alls 46 lunda með dægurrítum í Grímsey, Papey og á Borgarfirði Eystri.

Óvenju fáir erlendir aðilar komu til landsins á árinu til fuglamerkinga. Prófessor S. Bearhop stóð fyrir merkingum á margæsum á Innnesjum og voru 98 fuglar nýmerktir. Stuart Cowper merkingamaður frá Englandi merkti nokkra fugla við Flúðir á meðan hann dvaldi hér í sumarleyfi.

Litmerkingar

Mikið átak var gert í umsýslu litmerkinga á árinu og þar hæst að loksins tókst að ná utan um álestrarsögu litmerktra íslenskra sílamáfa. Alls hafa 1866 einstaklingar verið litmerktir síðan 1996 og hefur verið tilkynnt um 2864 álestra af 709 einstaklingum, auk 84 sem endurheimtust án þess að nokkurn tíman væri lesið á þá. Sumir hafa aðeins sést einu sinni en aðrir halda sig á stöðum þar sem þeir sjást reglulega eins og YJ50 sem á að baki 69 tilkynnta álestra sem allir eru frá Madrid á Spáni nema einn frá Bretagneska í Frakklandi að vorlagi. Með þetta nýja heildaryfirlit sílamáfsathugana tiltækt getum við nú svarað tilkynningum um álestra samdægurs.

Guðmundur Örn Benediktsson á Kópaskeri er einn ötulasti álesari litmerkja Íslandi og hefur hann vaktað fjörur á Melrakkaslétu um árabíl. Síðan 2006 hefur hann tilkynnt um nær 1100 álestra af alls 378 einstaklingum átta vaðfuglategunda. Mest er af rauðbrystingum eða 407 álestrar af 143 einstaklingum, 389 álestrar af 64 litmerktum sendlingum og 134 álestrar af 86 litmerktum sanderlum. Þessi gögn hafa safnast hér fyrir en nú erum við langt komin með að ganga frá þeim til innflutnings í endurheimtu gagnagrunninn.

Sú hefð hefur skapast vegna áralangrar vanrækslu merkingastöðva um allan heim við að sinna litmerkingum að margir hafa skilað athugunum sínum beint til merkjenda, innlendra sem erlendra. Oft eru þeir umsjónarmenn verkefnanna og sjá um gagnavörslu. Það er þó alls ekki algilt. Það á við um álestra á litmerkjum eins og hefðbundnar endurheimtur málmmerkja að tilkynna skal um þær til umsjónaraðila fuglamerkinga í athugunarlandi, sem í kjölfarið kemur þeim til skila til réttara aðila í merkingalandi fugls. Þetta tryggir að upplýsingar eru skráðar hjá báðum aðilum. Merkingastöðvar, m.a. innan Euring samtakanna, hafa á undanförunum árum gert sér grein fyrir mikilvægi litmerkingagagna og þeirri yfirvofandi hættu að stór gagnasöfn glatist þar sem ekki hefur verið hugað að varanlegri vörslu. Mörg litmerkingaverkefni skila árlega skýrslu um litmerkingar sínar og nokkur afriti af gagnagrunni til fuglamerkinga Náttúrufræðistofnunar til varðveislu.

Úrvinnsla, kynning og birting gagna

Nokkrar beiðnir um tölfraði vegna merkinga og endurheimta eða afhendingu endurheimtugagna til úrvinnslu bárust á árinu og vörðuðu lóm, sílamáf, stara, stormsvölu, hrossagauk og spörfugla á Íberíuskaga. Í flestum tilfellum var hægt að láta umbeðnar upplýsingar af hendi.

Nokkrar greinar og útdrættir rannsókna sem byggja á fuglamerkingum birtust á árinu. Fuglaathugunarstöð Suðausturlands varð 10 ára og í tilefni þess var haldið málþing og gefið út veglegt afmælisrit með 14 stuttum greinum sem flestar fjölluðu um fuglaathuganir og fuglamerkingar á Suðausturlandi (Sigurður Örn Helgason 2015). Í afmælisritinu voru nokkrar greinar um fuglamerkingar stöðvarinnar eftir þá Brynjúlf Brynjólfsson og Björn Gísli Arnarson. Þá var einnig stutt grein eftir Guðmund A. Guðmundsson um notkun gagna frá stöðluðu merkingarátaki til vöktunar á stofnum og viðkomu.

Þórður Örn Kristjánsson og Jón Einar Jónsson fylgdust með atferli æðarkolla með hjálp litmerkja í mjög þéttu varpi við Rif á Snæfellsnesi og sáu að algengt var að þær hjálpuðust að við að sinna álegu (Kristjánsson & Jónsson 2015). Dgitu E. Borecha, nemandi Tomas Willebrand við Hedmark háskóla í Noregi, kynnti niðurstöður útreikninga á lífslíkum íslenskra rjúpna í erindi á 13. alþjóðlegu hænsfuglaráðstefnunni sem haldin var í Reykjavík í september. Borecha og félagar á máttu árlegar lífslíkur rjúpna háð aldri og kyni byggt á öllum tiltækum íslenskum endurheimtum merkja. Lífslíkur unga óháð kyni reyndust 11% en fullorðinna 39% milli ára. Árlegar lífslíkur óháð kyni og aldri reyndust breytilegar eftir tímabilum (Borecha o.fl. 2015).

Íslendingar fjölmenntu á 2. alþjóðlegu sjófuglaráðstefnunna sem haldin var í Höfðaborg í S-Afríku dagana 26.-30. október 2015. Þorkell Lindberg Þórarinnsson og félagar kynntu á veggspjaldi fyrstu niðurstöður sínar á rannsóknum á ferðum íslenskra svartfugla með hjálp dægurríta. Þeir fundu að flestar langvíur og álkur fara ekki langan veg frá Íslandi yfir veturinn en hluti langvía fer þó allt að suðurodda Grænlands. Stuttnefja fer mun lengra eða til vesturstrandar Grænlands (Þorkell L. Þórarinnsson o.fl. 2015). Yann Kolbeinsson og félagar sögðu frá fyrstu niðurstöðum sínum í fjölþjóðlegri rannsókn á ferðalögum óðinshana með hjálp dægurríta. Þeir hafa endurheimt 16 dægurríta af 134 sem merktir hafa verið vítt og breitt frá Grænlandi í vestri til Rússlands í austri. Niðurstöðurnar benda til að frá norðanverðu Atlantshafi séu tvær megin farleiðir og er önnur frá austanverðu meginlandi Evrópu suðuraustur til Arabíuflóa en hin frá vestanverðu N-Atlantshafi til Kyrrahafsstrandar S-Ameríku (Kolbeinsson o.fl. 2015). Ævar Petersen og félagar sögðu frá vetrarstöðvum íslenskra lunda út frá dægurríttagögnum fyrir 23 fullorðna lunda sem sumum var fylgt í 2-4 ár. Íslenskir lundar halda sig á mjög víðáttumiklu hafsvæði í vestanverðu Atlantshafi

allt frá 45° norðlægrar breiddar inn í Davis Strait vestan Grænlands í norðri. Fuglar frá Vestur- og Norðurlandi hafa vetursetu norðar í Davis Strait en fuglar frá Austur- og Suðurlandi og þeir sem hafa vetursetu syðst eru frá vörpum á Suðurlandi (Petersen o.fl. 2015). Militao og félagar (2015) könnuðu fýsileika þess að nota hlutföll nokkurra stöðugra samsæta í fjöðrum nokkurra skrofutegunda til að ákvarða vetrarstöðvar þeirra. Þau báru saman hlutföll stöðugra samsæta í fjöðrum og í megin fæðutegundum sem safnað var á helstu vetrarstöðvum þeirra sem kortlagðar höfðu verið með dægurrítum.

Starfsmenn fuglamerkinga héldu tvö erindi á árinu þar sem niðurstöður fuglamerkinga voru kynntar. Ólafur Karl Nielsen hljóp í skarðið í veikindum Svenju Auhage og flutti erindi hennar og Guðmundar A. Guðmundssonar um vetrarstöðvar íslenskra mófugla skv. endurheimtum á 10 ára afmælisráðstefnu Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands sem haldin var á Höfn 8. apríl. Guðmundur A. Guðmundsson hélt erindi fyrir gæsaáhugamenn um ferðir og vetrarstöðvar veiðifugla byggt á endurheimtum merkja á gæsakvöldi Arnórs Þ. Sigfússonar í fundarsal Verkís að Ofanleiti 2, Reykjavík 16. desember.

Heimildir og greinar sem tengjast íslenskum fuglamerkingum birtar 2015

- Borecha, D.E., T. Willebrand, Ó.K. Nielsen & G.A. Gudmundsson 2015. Survival estimates from ring recovery of Icelandic Rock Ptarmigan *Lagopus muta*. – Útdráttur erindis (nr. 419) á 13th International Grouse Symposium sem haldin var í Reykjavík 4.-7. September 2015.
- Kolbeinsson Y., R. van Bemmelen, Æ. Petersen, J. Alves, D. Okill, A. Lehikoinen, I. Petersen, S. Thorstensen, R. Ramos, J. González-Solís, K. Välimäki & O. Gilg 2015. Malcolm Smith 2015. Unravelling the migration and wintering grounds of Red-necked Phalaropes *Phalaropus lobatus* nesting across the Western Palearctic. – Útdráttur erindis (PS7.8) á 2nd World Seabird Conference, Cape Town, 26.-30. október 2015.
- Kristjánsson, Þ.Ö. & J.E. Jónsson 2015. Cooperative incubation behaviour in a super dense Common Eider *Somateria mollissima* colony. – Bird Study 62: 146–149.
- Militao, T., D. Oro, P. Ryan, Y. Kolbeinsson & J. Gonzalez-Solis 2015. Stable isotope analyses as a tool to identify non-breeding areas of Atlantic shearwaters. – Útdráttur erindis (PS7.6) á 2nd World Seabird Conference, Cape Town, 26.-30. október 2015.
- Petersen, A., E. Hansen, I. Sigurdsson, T. Thorarinsson, I. Petersen, S. Thorstensen & R. Phillips 2015. Inter-colony variation in winter distribution of Atlantic Puffins from Iceland. – Útdráttur erindis (PS5.7) á 2nd World Seabird Conference, Cape Town, 26.-30. október 2015.
- Sigurður Örn Hannesson (ritstjóri) 2015. Fuglaathugunarstöð Suðausturlands. 10 ára afmælisrit 2005-2015. – Fuglaathugunarstöð Suðausturlands.
https://issuu.com/skogartrostur/docs/vefrit_10_ara
- Þorkell L. Þórarinnsson, J.F. Linnebjerg, Y. Kolbeinsson, A.Ö. Snæþórsson, B. Þórisson & M. Frederiksen 2015. Wintering areas of cliff-nesting auks breeding in Iceland. – Veggspjald á 2nd World Seabird Conference, Cape Town, 26.-30. október 2015. http://nna.is/wp-content/uploads/2015/11/WSC-2015_poster_wintering-areas-auks_T.L.Thorarinsson.pdf

Urriðaholti í Garðabæ á hlaupársdag 29. febrúar 2016.

Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage



1. mynd. Fyrsta erlenda endurheimta glóbrystings (Stockholm CV89566) var fugl á fyrsta ári merktur 4. október 2015 í Danielestun, Bureå, Vesturbotni í Svíþjóð og kom í mistnet í Einarsslundi við Höfn 9. nóvember 2015 eftir a.m.k. 1723 km ferðalag. Síðan 1982 hafa 43 glóbrystingar verið merktir á Íslandi, þar af 16 árið 2014 og fimm árið 2015.

Ljós. Brynjúlfur Brynjólfsson



2. mynd. Fjallafinka sem náðist í mistnet á Langhúsum í Fljótum 7. október 2015. Hún fékk merki nr. 9118121. Fjallafinka er árviss flækingur á Íslandi og hefur orpið hér óreglulega. Alls hafa 82 fuglar verið merktir síðan 1953, 52 fullvaxnir og 30 ungar. Helmingur, eða 40, voru merktir á árabílinu 1978-1986. Tvær þeirra endurheimtust á merkingastað skömmu eftir merkingu og ein merkt í Noregi árið 1980 endurheimti Hálfðán Björnsson á Kvískerjum sama ár.

Ljós. Þorlákur Sigurbjörnsson




3. mynd. Hauksöngvari sem náðist í mistnet á Langhúsum í Fljótum 20. október 2015. Hann fékk merki nr. 9118122. Hauksöngvari er fremur sjaldgæfur flækingsfugl á Íslandi. Alls hafa 15 fuglar verið merktir síðan 2002, þ.a. tveir árið 2015.

Ljós. Þorlákur Sigurbjörnsson


4. mynd. Yfirlit endurheimta á tjöldum *Haematopus ostralegus* 1921-2013. Taflan og kortið sýna endurheimtur íslenskra merkja eftir löndum þar sem merkin endurheimtust og endurheimtumánuði auk erlendra merkja eftir merkingalandi og merkingamánuði. Á kortinu tákna litir árstíma: gult = haust 1.7. – 30.9, rautt = vetur 1.10.-31.3, grænt = vor 1.4.-30.6. Sums staðar skarast margar athuganir á kortinu.

Tjaldur	Merkingar 1921-2013:												Fullv.	1303
													Ungar	7795
													Alls	9098
Mánuður	7	8	9	10	11	12	1	2	3	4	5	6	99	Alls
Ísland	62	36	5		2	1	5	2	8	32	36	43	28	260
Færeyjar	1		1								1		1	4
Írland		7	3	3	5	6	5	9	2	1			4	45
Skotland	1	10	7	1	5	14	17	6	2		5		3	71
Wales	2	4	16	16	6	3	6	5		2			5	65
England	2	4	7	6	5	3	1	6	2	1	2		7	46
Channel Isl						1								1
Þýskaland					1									1
Holland							1	1	1					3
Frakkland		2	2	2		2		1	1					10
Portúgal							1				1			2
Spánn					1									1
Samtals	68	63	41	28	25	30	36	30	16	36	45	43	48	509
													p.a. erl. 80	




5. mynd. Yfirlit endurheimta á stelkum *Tringa totanus* 1921-2013. Taflan og kortið sýna endurheimtur íslenskra merkja eftir löndum þar sem merkin endurheimtust og endurheimtumánuði auk erlendra merkja eftir merkingalandi og merkingamánuði. Á kortinu tákna litir árstíma: gult = haust 1.7. – 30.9, rautt = vetur 1.10.-31.3, grænt = vor 1.4.-30.6. Sums staðar skarast margar athuganir á kortinu.

														Merkingar 1921-2013:		Fullv.	1078
Stelkur														Ungar	6524		
														Alls	7602		
Mánuður	7	8	9	10	11	12	1	2	3	4	5	6	99	Alls			
Ísland	20	15	2								18	98	2	155			
Írland			1	3	1	2	4	1	2				1	15			
Skotland	1	18	18	35	18	10	12	15	4	10			14	155			
Wales	1	1	4	5	4	4	5	4	1	1			2	32			
England	4	32	28	20	7	3	8	10	8	7			17	144			
Noregur		4		1			1							6			
Svíþjóð					1			1	3					5			
Danmörk		5	3	2		1							2	13			
Þýskaland		1			1		1						1	4			
Holland	2		2	3	2	1	4	5	3	3			6	31			
Belgía		1				1								2			
Frakkland		1	1		1	2	3						1	9			
Samtals	28	78	59	69	35	24	38	36	21	21	18	98	46	571			
														p.a. erl. 276			



6. mynd. Yfirlit endurheimta þúfutittlinga *Anthus pratensis* 1921-2013. Taflan og kortið sýna endurheimtur íslenskra merkja eftir löndum þar sem merkin endurheimtust og endurheimtumánuði auk erlendra merkja eftir merkingalandi og merkingamánuði. Á kortinu tákna litir árstíma: gult = haust 1.7. – 30.9, rautt = vetur 1.10.-31.3, grænt = vor 1.4.-30.6. Sums staðar skarast margar athuganir á kortinu.

														Merkingar 1921-2013:		Fullv.	7797
																Ungar	8162
																Alls	15959
Mánuður	7	8	9	10	11	12	1	2	3	4	5	6	99	Alls			
Ísland	26	19	6	1						2	6	34	1	95			
Færeyjar			1											1			
Írland											1			1			
Skotland			2							1				3			
England			3	2	1		1			1				8			
Noregur			1											1			
Danmörk			1											1			
Holland			2											2			
Belgía			2	1										3			
Frakkland				4	1		1						3	9			
Portúgal					2	3							1	6			
Spánn				2	6	1	1		1					11			
Marokkó					1									1			
Samtals	26	19	18	10	11	4	3	0	1	4	7	34	5	142			
													p.a. erl. 10				



1. tafla. Merktir fuglar 2015 skipt eftir tegundum og aldri (fullvaxnir og ófleygir) ásamt heildarfjölda þeirra frá upphafi merkinga 1921 til og með 2015. Sjaldgæfum tegundum er öllum steipt saman í eina heildartölu, en sjalgæfar tegundir 2015 eru tífundaðar neðanmáls.

EUR	Tegund	Species	2015			Samtals 1921-2015		
			Fullv.	Ungar	Alls	Fullv.	Ungar	Alls
20	Lómur	<i>Gavia stellata</i>	4		4	292	264	556
40	Himbrimi	<i>Gavia immer</i>	3		3	8	0	8
110	Flórigoði	<i>Podiceps auritus</i>				166	380	546
220	Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	216	145	361	26693	4998	31691
460	Skrofa	<i>Puffinus puffinus</i>	10	8	18	270	282	552
520	Stormsvala	<i>Hydrobates pelagicus</i>	72	1	73	5586	14	5600
550	Sjósvala	<i>Oceanodroma leucorhoa</i>	313	2	315	8392	136	8528
710	Súla	<i>Morus bassanus</i>		258	258	1385	6054	7439
720	Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax carbo</i>				4	3406	3410
800	Toppskarfur	<i>Phalacrocorax</i>	19	102	121	2156	4938	7094
1540	Álft	<i>Cygnus cygnus</i>	11	41	52	4310	3543	7853
1580	Heiðagæs	<i>Anser brachyrhynchus</i>				5532	7926	13458
1590	Blesgæs	<i>Anser albifrons</i>				346	0	346
1610	Grágæs	<i>Anser anser</i>				981	2007	2988
1670	Helsingi	<i>Branta leucopsis</i>				40	13	53
1680	Margæs	<i>Branta bernicla</i>	97		97	1514	0	1514
1790	Rauðhöfðaönd	<i>Anas penelope</i>	4	1	5	332	1934	2266
1820	Gargönd	<i>Anas strepera</i>		7	7	64	173	237
1840	Urtönd	<i>Anas crecca</i>		1	1	218	955	1173
1860	Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	10	17	27	399	2091	2490
1890	Grafönd	<i>Anas acuta</i>	1		1	71	246	317
1940	Skeiðönd	<i>Anas clypeata</i>				2	7	9
2030	Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>	1		1	340	994	1334
2040	Duggönd	<i>Aythya marila</i>	2		2	558	1452	2010
2060	Æður ¹⁾	<i>Somateria mollissima</i>	371	102	473	9992	8810	18802
2110	Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>				130	152	282
2120	Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>	7		7	573	862	1435
2130	Hrafnsönd	<i>Melanitta nigra</i>	5		5	617	437	1054
2170	Húsönd	<i>Bucephala islandica</i>	1		1	612	364	976
2210	Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	1		1	267	123	390
2230	Gulönd	<i>Mergus merganser</i>				9	8	17
2430	Haförn	<i>Haliaeetus albicilla</i>		36	36	12	628	640
3090	Smyrill	<i>Falco columbarius</i>	18	32	50	303	953	1256
3180	Fálki	<i>Falco rusticolus</i>	2	32	34	103	1633	1736
3300	Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>	9		9	5039	4185	9224
4070	Keldusvín	<i>Rallus aquaticus</i>				10	11	21
4500	Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	97	257	354	1453	8267	9720
4700	Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	2	95	97	1815	7619	9434
4850	Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>		50	50	1122	8149	9271
4960	Rauðbrystingur	<i>Calidris canutus</i>				6406	0	6406
4970	Sanderla	<i>Calidris alba</i>				2629	0	2629
5100	Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>				3099	1174	4273
5120	Lóupræll	<i>Calidris alpina</i>		16	16	4259	2096	6355
5190	Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	42	35	77	1103	6094	7197
5320	Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	10	26	36	944	1949	2893
5380	Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	70	163	233	349	5961	6310
5460	Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	28	70	98	1122	6725	7847
5610	Tildra	<i>Arenaria interpres</i>				4009	0	4009
5640	Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>	6	8	14	1084	3014	4098

1. tafla (frh.)

EUR	Tegund	Species	2015			Samtals 1921-2015		
			Fullv.	Ungar	Alls	Fullv.	Ungar	Alls
5650	Þórshani	<i>Phalaropus fulicarius</i>		2	2	49	60	109
5670	Kjói	<i>Stercorarius parasiticus</i>				67	743	810
5690	Skúmur	<i>Catharacta skua</i>		50	50	168	21001	21169
5820	Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	29	8	37	374	12879	13253
5900	Stormmáfur	<i>Larus canus</i>	4		4	8	2590	2598
5910	Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>	231	17	248	2515	3214	5729
5920	Silfuramáfur	<i>Larus argentatus</i>	150		150	986	2649	3635
5980	Bjartmáfur	<i>Larus glaucooides</i>	30		30	70	0	70
5990	Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	88	1	89	525	2579	3104
6000	Svartbakur	<i>Larus marinus</i>	48	5	53	379	3153	3532
6020	Rita	<i>Rissa tridactyla</i>	80	863	943	3379	31693	35072
6160	Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	28	1425	1453	4811	49083	53894
6340	Langvía	<i>Uria aalge</i>	267	490	757	11679	5450	17129
6350	Stuttnefja	<i>Uria lomvia</i>	17		17	1643	94	1737
6360	Álka	<i>Alca torda</i>	18		18	2884	2874	5758
6380	Teista	<i>Cephus grylle</i>	6	130	136	2364	17804	20168
6470	Haftyrðill	<i>Alle alle</i>				50	2	52
6540	Lundi	<i>Fratercula arctica</i>	430	704	1134	34114	43024	77138
6650	Bjargdúfa	<i>Columba livia</i>				0	2	2
7490	Snæugla	<i>Nyctea scandiaca</i>				3	0	3
7680	Brandugla	<i>Asio flammeus</i>	1	0	1	45	101	146
10110	Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	234	16	250	8139	8217	16356
10200	Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>	49	39	88	1767	6520	8287
10660	Músarrindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>	87	0	87	673	162	835
11460	Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	8	0	8	1393	3363	4756
11870	Svartþröstur	<i>Turdus merula</i>	85	3	88	642	99	741
12010	Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	1475	208	1683	41205	22018	63223
13140	Glókkollur	<i>Regulus regulus</i>	64	6	70	134	6	140
15720	Hrafn	<i>Corvus corax</i>	0	23	23	98	1543	1641
15820	Stari	<i>Sturnus vulgaris</i>	427	15	442	2307	1029	3336
15910	Gráspör	<i>Passer domesticus</i>				1	0	1
16630	Auðnutittlingur	<i>Carduelis flammea</i>	983	4	987	14679	2322	17001
18500	Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>	708	27	735	78352	2218	80570
	Algengar tegundir		6979	5541	12520	322223	357519	679742
	Sjaldgæfar tegundir ²⁾		47	1	48	917	65	982
	Alls		7026	5542	12568	323140	357584	680724

1) Þ.m.t. æður eldisungar 4485 og þar af 34 eldisungar 2015.

2) Alls 72 sjaldgæfar tegundir. Eftirtaldar 14 tegundir voru merktar á árinu (allt fullvaxnir fuglar nema annað sé tekið fram): ljóshöfðaönd 1, glóbrystingur 5, gráþröstur 10 þ.a. 1 ungi, seljusöngvari 1, sefsöngvari 1, hauksöngvari 2, netlusöngvari 1, garðsöngvari 2, hettusöngvari 11, hnoðrasöngvari 3, gransöngvari 4, laufsöngvari 5, grágrípur 1, fjallafinka 1.

2. tafla. Fjöldi merktra fugla 2015 skipt eftir merkingamönnum.

Nr.	Nafn	Fullv.	Ungi	Alls
273	Arnór Þórir Sigfússon	0	1	1
407	Aron Leví Beck	1	0	1
417	Árni Ásgeirsson	102	0	102
306	Björn Baldursson	0	34	34
261	Björn Hjaltason	27	2	29
415	Borgný Katrínardóttir	0	5	5
380	Böðvar Þórisson	21	59	80
254	Einar Ó. Þorleifsson	14	0	14
401	Ellen Magnúsdóttir	20	27	47
262	Erpur Snær Hansen	521	186	707
222	Finnur Logi Jóhannsson	289	32	321
385	Fuglaathugunarstöð SA-lands	1283	1013	2296
411	Gísli I. Þorsteinsson	7	0	7
345	Guðm. A. Guðmundsson	204	6	210
316	Gunnar Tómasson	63	39	102
368	Gunnar Þór Hallgrímsson	591	3	594
237	Gunnlaugur Pétursson	9	0	9
332	Hallgrímur Gunnarsson	0	6	6
405	Ingvar A. Sigurðsson	688	513	1201
223	Jóhann Óli Hilmarsson	0	5	5
403	Jón Einar Jónsson	179	0	179
386	Jón Gunnar Jóhannsson	309	36	345
339	Jón H. Jóhannsson/Björk Guðjónsdóttir	0	79	79
309	Jón Magnússon	177	103	280
346	Kristinn H. Skarphéðinsson	0	26	26
410	Kristín Alísa Eiríksdóttir	0	17	17
270	Kristlaug Pálsdóttir	62	77	139
296	Ólafur Einarsson	0	7	7
216	Ólafur K. Nielsen	9	41	50
322	Ólafur Torfason	259	564	823
409	Óskar Andri	41	1	42
284	Páll Leifsson	55	64	119
416	Pétur Halldórsson	3	0	3
414	Professor S. Bearhop	97	0	97
406	Róbert A. Stefánsson	0	4	4
250	Sigurður Ægisson	1	71	72
344	Smári Lúðvíksson	49	0	49
418	Stuart Cowper	11	0	11
402	Svenja Auhage	0	5	5
248	Sverrir Thorstensen	1113	1548	2661
413	Sölvi Rúnar Vignisson	39	0	39
365	Tómas Grétar Gunnarsson	153	260	413
370	Þorkell L. Þórarinsson	85	4	89
381	Þorlákur S. Helgason	90	229	319
333	Þorlákur Sigurbjörnsson	425	115	540
228	Þorvaldur Björnsson	0	284	284
364	Þórir Snorrason	0	5	5
244	Ævar Petersen	25	54	79
371	Örn Þorleifsson	4	17	21
	Samtals	7026	5542	12568